

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Hádegismóar – deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 21. september 2000 samþykkt deiliskipulag fyrir athafnasvæði Hádegismóa austan Suðurlandsvegur.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 24. október 2000.*

**Þorvaldur S. Þorvaldsson** skipulagsstjóri.

## AUGLÝSING

### um ógildingu á deiliskipulagi í Vatnsleysustrandarhreppi.

Hér með tilkynnist að deiliskipulag við Akurgerði, Vogagerði og Brekkugötu hefur verið fellt úr gildi skv. úrskurði úrskurðarnefndar byggingar- og skipulagsmála dags. 3. ágúst 2000.

*Vogum, 24. október 2000.*

F.h. sveitarstjórnar,

**Jóhanna Reynisdóttir** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag austan Þverkletta, Egilsstöðum, Austur-Héraði.

Með vísan til skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og gr. 6.4. í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er hér með auglýst nýtt deiliskipulag á svæðinu austan Þverkletta á Egilsstöðum. Svæðið takmarkast af Norðfjarðarvegi að sunnan, Seyðisfjarðarvegi að austan og af götunni Skógarlöndum að norðan.

Deiliskipulagið ásamt skilmálum var samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs þann 20. júní 2000. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 7. júlí 2000.

Því er hér með auglýst að deiliskipulag fyrir svæðið austan Þverkletta tekur gildi frá og með birtingardegi auglýsingar þessarar.

*Egilsstöðum, 23. október 2000.*

F.h. bæjarstjórnar Austur-Héraðs,

**Þórhallur Pálsson** forstöðumaður umhverfissviðs.